



LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS  
THE ICELANDIC COAST GUARD

Dómsmálaráðherra, góðir gestir, kæru samstarfsmenn

Velkomin og til hamingju með daginn.

Í dag er stór dagur í sögu Landhelgisgæslu Íslands.

Eins og þið munið mörg hver, hófum við undirbúning að deginum í dag, 1. júlí 2009, strax í janúar árið 2005 og síðan eru liðin rétt rúm fjögur ár.

Fyrstu verk okkar þá voru að framkvæma þarfagreiningu og annan undirbúning fyrir þáverandi dómsmálaráðherra, Björn Bjarnason. Hann lagði málið fyrir ríkisstjórn þann 5. mars sama ár en þann dag samþykkti ríkisstjórnin að ráðist skyldi í að byggja varðskip og flugvél fyrir Landhelgisgæslu Íslands.

Þá um vorið var stofnaður starfshópur innan Landhelgisgæslunnar til að vinna að þessu máli. Í honum eiga sæti nú Benóný Ásgrímsson flugstjóri, Hafsteinn Heiðarsson flugstjóri, Auðunn Friðrik Kristinsson yfirstýrimaður, Friðrik Höskuldsson yfirstýrimaður, Höskuldur Ólafsson tæknistjóri og Ragnar Ingólfsson radíóflugvirki. Þá hafa einnig þeir Páll Geirdal yfirstýrimaður og Oddur Garðarsson flugvirki setið í hópnum. Fjölmarginir aðrir starfsmenn Landhelgisgæslunnar hafa jafnframt komið að verkinu á öllum stigum. Þessi hópur hefur unnið ötullega og afrakstur þess sjáum við nú í þessari glæsilegu flugvél.

Eins og lög gera ráð fyrir var ákveðið að framkvæmdin yrði boðin út og tilboð voru opnuð þann 16. nóvember 2006.

Við undirbúning útboðsins nutum við dyggrar aðstoðar kollega okkar hjá sænsku strandgæslunni og innkaupastofnunar sænska hersins en sænska strandgæslan hefur nýverið fengið þrjár samskonar vélar og eru þær allar þegar í notkun með góðum



LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS  
THE ICELANDIC COAST GUARD

árangri. Sænska strandgæslan var búin að vinna að undirbúningi flugvélakaupa um langt árabíl og það verður að segjast eins og er að án þeirra aðstoðar hefði þetta ekki reynst gerlegt, þar sem við byggjum að langflestu leyti á þeirra góða undirbúningi.

Þegar upp var staðið var tilboði tekið frá Field Aviation í Kanada og samningur þar að lútandi undirritaður í maí 2007 og var samningsverð 32,2 milljónir USD. Síðan þá hefur verkið gengið ævintýrlega vel og allar áætlanir um tíma og verð í „USDollurum“ hafa staðist fullkomlega.

Það var ótrúleg tilfinning að fá tækifæri til að ferðast með þessari fullkomnu flugvél heim.

Vélinni var flogið hingað undir styrkri stjórn áhafnarinnar, flugstjóranna Benónýs Ásgrímssonar og Hafsteins Heiðarssonar og yfirstýrimannanna Auðuns Friðriks Kristinssonar og Friðriks Höskuldssonar.

Mig langar til að biðja ykkur um að klappa hressilega fyrir áhöfninni sem hefur farsælllega flogið þessum flotta grip hingað heim.

Kæru vinir, þetta er stór dagur

Það er glæsilegt að sjá íslenska fánann svo áberandi þarna á stélinu.

Á hverjum degi drögum við hjá Landhelgisgæslunni íslenska fánann að húni, þess minnug að hlutverk okkar er að standa vörð um fullveldi Íslands á hafsvæðinu í kringum landið og stuðla þannig að öflugri öryggis- og löggæslu, eftirliti, leit og björgun.

Það er óneitanlega tilkomumeira en oft áður, að sjá fánann blakta við hún hér fyrir utan skýli 2 í dag og um leið vera svo sýnilegan á þessari glæsilegu flugvél sem er



LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS  
THE ICELANDIC COAST GUARD

ætlað að gera okkur enn betur kleift að rækja það mikilvæga hlutverk að vernda fullveldið og sjálfstæði þjóðarinnar.

Sennilega er ekki of djúpt í árina tekið að segja að það hlutverk sé brýnna nú en nokkru sinni fyrr.

Notkunarmöguleikar flugvélarinnar til öryggis- og löggæslu sem og leitar og björgunar og sjúkraflugs eru nánast ótakmarkaðir. Meðal annars býr vélin yfir öflugri infrarauðri myndavél sem bæði getur tekið myndir frá hlið og beint fram, jafnt að nóttu sem degi. Með þessari tækni er hægt að greina athafnir skipa með ótrúlegri nákvæmni, sem og mengun sem þýðir gjörbreytingu í auðlindagæslu og umhverfisvernd. Þá verður umbylting í möguleikum í leit á sjó og landi þar sem þessi tækni nemur umhverfið með hætti sem ekki er til staðar hér á landi í dag.

Á sviði almannavarna skapast jafnframt nýir möguleikar við að greina breytingar á landslagi svo sem hæðarlínur í jöklum, eldfjöllum og snjóalögum. Vélin er einnig búin mjög öflugum 360 gráðu radar sem getur greint skip í allt að 200 sjómílna fjarlægð og tegund þeirra í 40 sjómílna fjarlægð.

Með þessari flugvél breytast allar aðstæður hvað varðar sjúkraflug á Íslandi og milli landa sem við, á tímum hagræðingar hljótum að gaumgæfa náíð.

Síðast en ekki síst skapar þessi nýja flugvél okkur Íslendingum kost á að fylgjast með hafinu umhverfis landið með allt öðrum og nákvæmari hætti en verið hefur hingað til.

Til að færa þetta nær má líkja þessari breytingu í tæknibúnaði frá okkar hjartkæra Fokker, við færslu af ritvél yfir á tölvu.

Það er ekki einfalt mál að setja saman og skilgreina svona tækniundur sem þessi flugvél er. Þá ber að hafa í huga að flugvélin sjálf er aðeins helmingur verksins og



LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS  
THE ICELANDIC COAST GUARD

hellingur kostnaðarins. Tæki og tæknibúnaður vélarinnar og samsetning hans er hinn hellingurinn í tíma, framkvæmd og peningum. Þessa samsetningu hafa starfsmenn Landhelgisgæslunnar, með eins og ég sagði, dyggri aðstoð kollega okkar í Svíþjóð gert að veruleika eins og við sjáum hér fyrir framan okkur.

Fyrst vil ég nefna verkefnisstjóran Auðunn Friðrik Kristinsson yfirstýrimann en ég fól honum að vera verkefnisstjóri fyrir okkar hönd strax á árinu 2007. Hann hefur rækt þann starfa af miklum metnaði og alúð enda sannur Landhelgisgæslumaður þar á ferð.

Starfshópur Landhelgisgæslunnar sem settur var á laggirnar strax og ákvörðun um smíðina lá fyrir hefur haldið þéttingsfast á málum og unnið af samheldni og snerpu. Takk fyrir ykkar ómetanlega framlag.

Þá hafa allir flugstarfsmenn Landhelgisgæslunnar, hvort sem um er að ræða flugmenn, flugvirkja eða stýrimenn lagt af mörkum óeigingjarnt starf í þágu verksins á öllum tímum og með því hefur tekist að komast í gegnum ýmsar uppákomur sem fylgja óneitanlega svo stórri framkvæmd sem þessari. Þessum starfsmönnum hefur tekist með útsjónarsemi og fagmennsku að leysa hin ótrúlegustu tæknilegu verkefni með góðri aðstoð víða úr heiminum. Fyrir það eiga þeir þakkir skildar.

Ég vil einnig færa öllum starfsmönnum Landhelgisgæslunnar sérstakar þakkir því þeir allir hafa verið einhuga um að láta þetta verk ganga hvort sem menn hafa komið að því með beinum eða óbeinum hætti.

Það er með öllu ómetanlegt að hafa það sterka bakland sem er í starfsmönnum Landhelgisgæslunnar og geta reitt sig á samhug og einurð þeirra í hverju því sem tekist er á við.



LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS  
THE ICELANDIC COAST GUARD

Ríkiskaup önnuðust alla framkvæmd er lýtur að útboði og samningsgerð og vil ég færa Júlíusi Ólafssyni og hans frábæra starfsfólki bestu þakkir.

Við erum og þakklát sænsku strandgæslunni fyrir óeigingjarna og ómælda aðstoð og þar vil ég sérstaklega nefna tæknistjóra þeirra Áke Danevik. Það var nú bara þannig að við hittumst snemma árs 2005 og hann sagði mér frá vinnu þeirra í flugvélamálum. Síðan hefur þetta samstarf undið upp á sig og afrakstur þess sjáum við nú. Þá hefur innkaupastofnun sænska hersins veitt okkur dygga aðstoð allt frá upphafi sem hefur reynst okkur afar mikilvæg.

Starfsfólk Field Aviation í Kanada og L3 Communication í Texas hafa sinnt verkinu af einstakri alúð og fagmennsku. Vil ég í því sambandi sérstaklega nefna Joar Grönlund, framkvæmdastjóra Field Aviation sem hefur verið vakinn og sofinn yfir framkvæmdinni, komið hingað fjölmörgum sinnum og af vinskap og trúmennsku þjónað okkur dyggilega.

Kjære Joar, jeg ønsker å uttrykke vår oppriktige takk for den spesielle oppmerksomheten du har vist oss og det viktige arbeidet du har gjort, for at dette skulle bli virkelighet. Uten din personlige interesse og engasjement ville vi nok ikke vært her i dag.

Fulltrúum kaupanda vélarinnar, þ.e. íslenska ríkisins sem er stýrihópur dómsmálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis undir stjórn Þórunnar J. Hafstein, setts ráðuneytisstjóra og Þórhalls Arasonar, skrifstofustjóra í fjármálaráðuneytinu þökkum við góða stjórn.

Allar ákvarðanir um upphaf og framkvæmd þessa verks voru í höndum Björns Bjarnasonar, fyrrverandi dómsmálaráðherra. Hann kom þessu af stað, hann hélt verkinu gangandi en við því tók Ragna Árnadóttir, dómsmálaráðherra sem kláraði málið. Erum við henni afar þakklát fyrir það.



LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS  
THE ICELANDIC COAST GUARD

Þrátt fyrir slæmt árferði, líklegast afar slæmt árferði, er það samt svo að þetta áralanga baráttumál okkar Landhelgisgæslufólks og allra þeirra er bera hag íslenskrar landhelgisgæslu, hafsvæðisins og auðlindarinnar fyrir brjósti er orðið að raunveruleika. Við höfum ekki efni á að gera þetta ekki. Hinn möguleikinn er að minnka landhelgina aftur í 12 sjómíllur í sparnaðarskyni.

Hvað svo sem nú verður með notkun á þessu tæki hafa engu að síður skapast margfaldir möguleikar á að geta séð hverju fram fer í íslenskri lögsögu, á hinu geysistöra björgunarsvæði sem við berum ábyrgð á og á hafsvæðinu hér á norðurslóðum, sem sífellt verður mikilvægara fyrir allan heiminn.

Með þessari nýju flugvél er einfaldlega um að ræða hreina byltingu í öryggis- og löggæslu, eftirliti sem og leit og björgun hér á landi. Þá opnar flugvélin möguleika á stórauknu samstarfi við nágrannaríki okkar um eftirlit og auðlindagæslu á þessu verðmæta hafsvæði sem við öll á norðurslóðum berum ábyrgð á og njótum. Þessi framsýna og stórhuga ákvörðun mun því marka þáttaskil í öryggis- og björgunarmálum landsins.

Nú þegar Sif er komin til landsins og Þór hefur verið sjósettur í Chile og skipulag og uppbygging Landhelgisgæslunnar óðum að taka á sig rétta mynd, er kominn tími til að upplýsa að allt þetta hefur verið þaulskipulagt og mikið planað frá því á fyrstu mánuðum ársins 2005, meira að segja nöfnin líka.

Nýja varðskipið heitir Þór

Sif er nefnilega kona Þórs.

Þór er sterkastur, Sif er fallegust.

Þór er kraftakarll, Sif er sénéí.



LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS  
THE ICELANDIC COAST GUARD

Þau saman geta gert stórkostlega hluti.

Í sittthvoru lagi eru þau svo sem ágæt en saman, margföld og hamrömm.

Með farsælu hjónabandi Sifjar og Þórs og okkar frábæra starfsfólki hefur Landhelgisgæslan öruggan og góðan grunn með framtíðarsýn, sem staðið verður fast við og byggt ofan á um leið og betur sést til lands.

Þetta er það sem við höfum unnið að, þetta er það sem við stefnum á og þetta er það sem við ætlum að gera.

Til hamingju.